

*Til sóknarnefnda*

Reykjavík, 17. febrúar 2023

Ágætu viðtakendur bréfs þessa

Þau mistök urðu við setningu starfsreglna um söfnuði og sóknarnefndir árið 2021 að ártölum var víxlað hvað varðar kosningu til sóknarnefnda.

**Á árinu 2023 ber semsagt að kjósa fjölmennari hluta sóknarnefndar og síðan fámennari hluta árið 2025. Réttar reglur um ártöl kosninga eru svohljóðandi:**

Á tveggja ára fresti skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, sem hér segir:

Árið 2023 skulu **tveir af þremur, þrír af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu** ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Árið 2025 skulu **einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu kjörinna aðalmanna og varamanna** ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Vinsamlegast hafið samband við Hermann Björn Erlingsson í síma 856 1567 eða undirritaðan í síma 856 1530 ef frekari skýringa er óskað.

Virðingarfyllt



Guðmundur Þór Guðmundsson  
Lögfræðingur kirkjuþings